| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2020 / 2021 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 2025 |
| **Svið:** | Umhverfis- og skipulagssvið |
| **Unnið af:** | |
| **Verkefni/tillaga:** | Hjólastígur frá Ægisíðu, við Sörlaskjól, Faxaskjól og á Nesvegi |
| **Þjónustuþáttur:** | |
| **Stofnun/kostn.st.:** | |
| **Fjárhæð:** | |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

| |
|---|
| **Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?** |
| Tillagan er að klára hjólastíg frá Ægisíðu meðfram Sörlaskjól og Faxaskjól og frá Ægisíðu meðgram Nesvegi. Stígurinn væri í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í Hjólreiðaáætlun borgarinnar um að fjölga þeim sem stunda hjólreiðar og velja virka ferðamáta, ásamt því að draga úr mengun og styðja þannig við markmið í loftslagsáætlun borgarinnar. |
| **Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.** |
| Já, góðir hjólastígar stuðlar að öruggum og virkum ferðamátum fyrir öll, sérstaklega styðja þeir við konur þar sem konur eru líklegri til að sinna mörgum stuttum ferðum innan hverfis. |
| **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.** |
| Íbúar í hverfinu, sem er mjög fjölbreyttur hópur. Karlar, konur og börn munu njóta góðs af verkefninu. Einnig bætist aðgengi fatlaðra á göngustígum ef hjólandi vegfarendur fara yfir á sér akrein. |
| **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.** |
| Að styrkja hjólasamgöngur í hverfinu mun tengja vesturhluta hverfisins enn betur við kjarna hverfisins. Sjá líka punkt fyrir ofan. |
| **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]** |
| Nei, það er ónauðsynlegt, enda er uppbygging hjólastíga ekki nýtt fyrirbæri í borginni. |

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.